

12
31. mars

Auglýsing

um skifting mála milli deilda stjórnarráðs Íslands.

Samkvæmt 1. gr. laga 2. janúar þ. á., um breyting á lögum nr 17, 3. október 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands, og eftir þegnlegum tillögum stjórnarráðsins hefir Hans hátígn konunginum þann 12. febr. þ. á. allra-mildilegast þóknast að kveða á um skifting mála milli deilda stjórnarráðsins eins og hjer segir:

Deildir stjórnarráðsins skulu vera þrjár, og eru þær lagðar undir sinn ráðherrann hver.

I. Deild.

Dóms og kirkjumáladeild.

Undir þessa deild eru lögð dómsmál, lögreglustjórn, þar með talin strandmál, veiting rjettarfarslegra leyfisbrjefa, yfirumsjón hegningarrússins og fangahúsanna; klerka- og kirkjumál; ættar-, erfða-, persónu- og eignarrjettarmál, heilbrigðismál, þar með talin yfirsetukvennamál; kenslumál nema búnaðarskólamál; alþingiskosningar og útgáfa Stjórnartíðindanna.

II. Deild.

Atvinnu- og samgöngumáladeild.

Undir þessa deild eru lögð öll atvinnumál, svo sem fiskiveiðar, landbúnaður, verslun, iðnaður og einkarjettarleyfi; bankar og sparisjóðir; samgöngumál öll, vegamál, póstmál, síma- og hraðskeytamál; dýralækna; sveitarstjórnarmál; þjóðjarðir.

III. Deild.

Fjármáladeild.

Hjerundir eru lögð fjármál landsins, skatta- og tollmál, hin umboðslega endurskoðun; embættisveð; eftirlaunamál; yfirumsjón mælingar og skrásetningar skipa.

Við hlið fjármáladeildar starfar hagstofan sem sjerstök stofnun, og stendur hún beint undir þeim ráðherra, sem fer með fjármálin. 12
31. mars

Forseti ráðuneytisins er formaður bankaráðs Íslandsbanka.

Þetta er hjermeð gjört heyrinkunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 31. mars 1917.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.

Reglugjörð

13
11. apríl

um aðflutta kornvöru og smjörlíki.

Samkvæmt heimild í lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana útaf Norðurálfuófriðnum, eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Allan rúg, rúgmjöl, hveiti, mais, maismjöl, bankabygg, hrisgrjón, völsuð hafragrjón, haframjöl og smjörlíki, sem til landsins er flutt hjer eftir, tekur landsstjórnin til umráða og setur reglur um sölu á vörunum og ráðstöfun á þeim að öðru leyti.

2. gr.

Þeim, sem fá eða von eiga á slíkum vörum frá öðrum löndum, ber í tækan tíma að senda stjórnarráðinu tilkynningu um það, svo það geti gjört þær ráðstafanir viðvíkjandi vörunum, sem við þykir eiga í hvert skifti. Í tilkynningunni skal nákvæmlega tiltaka vörutegundirnar og vörumagnið.